

Útdráttur úr tveimur brjefum landshöfðingja til amtmanns- 56
ins í suðuramtinu og vesturamtinu um hlunnindi handa sparisjóðum. — 2. marz

Með brjefum þessum voru nýstofnuðum sparisjóði í Ólafsvík og sömuleiðis nýstofnuðum sparisjóði í Dalasýslu veitt hlunnindi þau, er um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874, báðum fyrst um sinn um fimm ára tímabil, er teljist frá 1. apríl 1892. Veitingin var bundin venjulegum skilyrðum (sjá t. d. Stjt. 1890 B, nr. 187, bls. 201).

Brjef landshöfðingja til stiðtsýfirvaldanna um stofnun gagn- 57
fræðakennslu við lærða skólann o. fl. — Eins og yður, herra amtmað. 16. marz
 ur og háæruverðugi herra, mun vera kunnugt, var á síðasta alþingi samþykkt af báðum deildum þingsins að skora á landsstjórnina að sjá um:

1. að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann;
2. að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að læri-sveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann;
 og ennfremur hefur nedri deild þingsins látið þá ósk í ljósi:
3. að reglugjörð lærða skólans verði endurskoðuð, svo sem nauðsynlegt er, til þess að gagnfræðakennslunni verði viðkomið, sjerstaklega í þá átt, að kennsla í latínu og grísku verði takmörkuð.

Aðalatriðið í frammanefndri þingsályktun er, að komið verði á gagnfræðakennslu í lærða skólanum, og er það í fullu samræmi við fyrirmælin í 18. gr. í reglugjörð skólans 12. júlí 1877, þar sem segir, að jafnskjótt sem því verði viðkomið, skuli innleiða gagnfræðakennslu við lærða skólann, og að ráðgjafinn fyrir Ísland skuli gjöra hinar nákvæmari ráðstafanir til þessa. Hins vegar gefa umræðurnar um þetta mál á alþingi mjög litla vísbending um það, hvernig þingið í heild sinni eða einstakir þingmenn hafa hugsað sjer fyrirkomulagið á hinni umgetnu gagnfræðakennslu í lærða skólanum, en fyrirkomulagið gæti verið með ýmsu móti, svo sem: að bætt væri við skólann nýjum bekkjum tveimur eða fleiri, þar sem kennd væri eingöngu gagnfræði, en kennslan í skólanum væri að öllu öðru leyti hin sama sem hingað til hefur verið, eða að bæði þeir sem stunda gagnfræðanámið og hinir sem stunda lærða námið væru saman í þeim námsgreinum, sem eru sameiginlegar fyrir báða, en í gagnfræða-bekkjunum væru að eins kenndar þær námsgreinar, sem væru sjerstakar fyrir gagnfræðanemendur eða kenndar þeim á annan hátt eða í öðrum mæli, en þeim, sem stunda lærða námið, eða loks að gagnfræðakennslunni væri steyppt saman við lærðu kennsluna, þannig að gagnfræðakennslan væri lægra stig en lærða kennslan æðra stig í sama skólanum, að gagnfræða-menntunin auk þess að vera sjerstakt menntunarstig væri jafnframt undirbúningsstig undir hina æðri, lærðu menntun.

Hið síðarnefnda fyrirkomulag hefði að minni hyggju þann mikla kost, að þá mætti kenna námsgreinarnar smátt og smátt, hinar auðveldari fyrst og